



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS



Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 130/1665
komudagur 5.4.2004

Reykjavík 1.4. 2004.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um lögfræðiaðstoð við efnalítið fólk, 568 mál.

Alþýðusamband Íslands styður eindregið þau sjónarmið sem fram koma í tillögu þessari og greinargerð með henni.

Þrátt fyrir verðugt framtak Orators, félags laganema, Lögmannafélags Íslands, fjölmargra verkalýðsfélaga og almennasamtaka ber stjórnvöldum að tryggja á hverjum tíma aðgengi allra óháð efnahag að réttarkerfinu. Brýna nauðsyn ber til þess að fram fari ítarleg könnun á þeirri þörf fyrir lögfræðiaðstoð sem ætla má að sé undirliggjandi og birtist meðal annars í viðleitni ofanritaðra aðila til þess að mæta henni.

Hvað efni tillögunnar varðar sérstaklega, er lagt til að réttaraðstoðin verði skilgreind þannig að hún taki einnig til aðstoðar og leiðbeininga til skuldara vegna innheimtu fjárfrafna. Uppboðspolar og skuldarar eru í ákaflega veikri stöðu gagnvart innheimtuaðila. Þessi sami hópur stendur einnig oft á tíðum mjög illa fjárhagslega og hefur engin tæk á því að leita sér réttaraðstoðar.

F.h. Alþýðusambands Íslands,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ

Alþingi
Erindi nr. P 130/1911
komudagur 16.4. 2004

Nefndasvið Alþingis
b.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. apríl 2004.

Umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um lögfræðiaðstoð við efnalítið fólk. 130. löggjafarþing 2003–2004. – Þskj. 858—568. mál.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur haft ofangreinda tillögu til skoðunar. Nefndin telur aðgerðir sem fela í sér aukna möguleika fyrir efnalítið fólk til að leita réttar síns almennt til bóta, en tekur ekki beina afstöðu til tillögunnar þar sem hún er stjórnmálalegs eðlis auk þess sem hún felur ekki í sér fullmótaðar reglur.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., formaður

Alþingi
Erindi nr. P 130/1666
komudagur 5.4.2004



Nefndavið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 2. apríl 2004

Efni: Umsögn Neytendasamtakanna um tillögu til þingsályktunar um lögfræðiaðstoð við efnalítið fólk, 568. mál.

Neytendasamtökin eru mjög hlynnt því að lagt verði fram frumvarp um lögfræðiaðstoð við efnalítið fólk. Af eðlilegum ástæðum eru það aðeins neytendamál sem geta komið til skoðunar hjá samtökunum auk þess sem Neytendasamtökin geta aðeins veitt aðstoð upp að vissu marki. Þegar ekki er annað í stöðunni en að leita til dómstóla til úrlausnar ágreiningsefninu verðum við að benda fólki á að leita sér lögmannsaðstoðar. Í mörgum tilvikum er viðkvæði fólk þá að það muni ekki leita réttar síns einfaldlega vegna þess að það hafi ekki fjárráð til þess. Verði lögfræðiaðstoð sú sem hér um ræðir til þess að efnalitlu fólki verði gert kleift að leita réttar síns styðja samtökin slíkt úrræði heilshugar.

Neytendasamtökin lýsa því yfir eindregnum stuðningi við þessa þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna,


Jóhannes Gunnarsson formaður

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1704
komudagur 7.4. 2004



ORATOR
FÉLAG LAGANEMA

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Orators, félags laganema við Háskóla Íslands, við þingsályktunartillögu Jóhönnu Sigurðarsdóttir

Orator, félag laganema við Háskóla Íslands, tekur ekki undir efni þingsályktunartillögunnar. Lögfræðiaðstoð við efnalítið fólk er góðra gjalda verð og er mikilvægt að þessi hópur hafi góða möguleika á að leita réttar síns. Orator telur hvorki þörf né forsendur til þess að koma á fót nýrri ríkisstofnun eða opinberum sjóði til að tryggja þessi réttindi, heldur skuli efla þá aðila sem sinna þessari þjónustu í dag.

Mörg þeirra mála sem tillagan tekur til eru stjórnsýslumál. Það væri fullkomlega óeðlilegt ef ein ríkisstofnun sæi um að sækja mál fyrir einstaklinga gegn öðrum opinberum aðila. Einfaldara væri að skerpa á reglum stjórnsýslulaga um leiðbeiningaskyldu og efla embætti Umboðsmanns Alþingis.

Tillögunni virðist einnig vera ætlað að taka til almennrar lögfæðiráðgjafar og könnunnar á því hvort mál skuli höfðað. Lögfræðiaðstoð Orators og L.M.F.Í. hafa um árábil veitt slíka þjónustu án endurgjalds. Hið opinbera hefur stutt við bakið á þessari þjónustu og hefur hún gefið góða raun. Fullur vilji er fyrir því hjá Orator að auka umsvif þessarar þjónustu og gæti hún t.d. náð til þess að semja umsóknir um gjafsókn.

Einnig mætti breyta reglum um gjafsókn á þá leið að þær taki einnig til þeirra tilvika þar sem ágreiningsefni milli tveggja eða fleiri einstaklinga eru leidd til lykta af stjórnsýslunni.

F.h Orator- Félags laganema.
Heiðar Örn Stefánsson, Ritstjóri Úlfljóts
Arnór Snæbjörnsson, Gjaldkeri Orators